

Þessi umbótaáætlun er unnin í samræmi við niðurstöður ytra mats sem gert var í Urriðaholtsskóla haustið 2021 af Menntamálastofnun. Lagt var mat á þrjá fyrirfram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Ekki kom ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar tók skólinn tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem skýrslan tilgreindi. Til viðbótar hafa verið settir inn þættir sem tilgreindir eru sem styrkleikar í skýrslunni og skólinn vill viðhalda og/eða þættir sem skólinn er að þróa og vill styrkja enn frekar eins og MMS leggur til að gert sé. Þeir þættir eru stjørnumerktir\* í umbótaáætlun. Umbótaáætlunin var lögð fyrir skólaráð fimmtudaginn 28. apríl sl. til umsagnar. Umbótaáætlun var samþykkt af skólaráði. Í kjölfar er gert ráð fyrir kynningu fyrir skólanefnd Garðabæjar á matinu og umbótaáætluninni.

Umbótaþáttur – tækifæri til umbóta skv. skýrslu <sup>1</sup>	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<b>Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta</b>					
1.1 Samvirkni í stefnumótun					
Endurskoða skólanámskrá og starfsáætlun, skilgreina í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla hvaða þættir eiga að vera í hvoru skjali.					
Kynna fyrir nemendur sýn og stefnu skólans	Þróunarverkefnið <i>Samfélagið á holtinu</i> . Samvinnuverkefni leik- og grunnskólastigs þar sem unnið verður með sýn og stefnu skólans innan hans og í nærumhverfi. Unnið út frá grunnþáttum menntunar og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Verkefni lúta meðal annars að umhverfismennt og grenndarkennslu (Sótt verður um í Þróunarsjóði nú í vor 2022)	Haust 2022	Í stöðugri vinnslu	Aðstoðarskólastjórar og verkefnastjórar á báðum skólastigum	Ársskýrsla hvers árs sem og skýrsla um þróunarverkefni fáist styrkur fyrir verkefnið.

<sup>1</sup> Skólinn hefur bætt við áherslum er snúa að þróun og viðhaldi styrkleika skólans, þeir þættir eru merktir \*.

Gera nemendur að fullgildum fulltrúum í umræðu og ákvarðanatöku um skólastarfið	Stofnun nemendaráðs, fulltrúar nemenda í skólaráði  Verða réttindaskóli (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna)	Vor 2022  Haust 2022	Í stöðugri vinnslu  Vor 2024	Skólastjóri	Innra mat (niðurstöður Skólapúls, viðtöl við nemendur)
<b>1.2 Faglegt samstarf og samræða</b>					
Efla eina liðsheild alls starfsfólks skólans sem eins samfélags	Efla starfsmannafélag og skemmtinefndir eftir Covid-19 hömlur og endurvekja gleðistundir utan vinnutíma svo sem klúbba, vorgleði, jólagleði, októberfest og aðra þætti er voru orðnir fastur liður í starfsmannasamfélagi skólans fyrir heimsfaraldur	Vor 2022	Í stöðugri vinnslu	Skólastjórnendur	Innra mat (niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins sem og starfsmannasamtöl)
	Endurskoða áætlun um samstarf skólastiga sem og fasta fundi allra starfsmanna sem komið var í farveg fyrir heimsfaraldur	Vor 2022	Í stöðugri vinnslu		
*Stjórnendur leggja áherslu á hreinskiptna umræðu um skólastarfið (unnið með næsta lið)	Þróunarverkefnið <i>Fagleg samskipti</i> sem byggir á að styrkja færni heimasvæðisstjóra, grunnskólakennara, stjórnenda og stoðþjónustu við að takast á við	Haust 2022	Vor 2023	Skólastjórnendur	Síðari starfsmannasamtöl vor 2023
*Stjórnendur eru vakandi yfir samskiptum alls starfsfólks	Erfið mál sem koma upp sem og að leysa erfið samskiptamál á meðal starfsfólks og við foreldra.	Haust 2022	Vor 2023	Skólastjórnendur	Síðari starfsmannasamtöl vor 2023
<b>1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu</b>					
Virkja foreldra enn frekar til samráðs um stefnu skólans og starfshætti og leita markvisst eftir sýn þeirra og hugmyndum um skólastarfið	Opin fundur skólaráðs fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð 1157/2008 4 gr segir til um	Vor 2022	Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri	Skólapúlsinn – foreldrakönnun vor 2023 og síðan á tveggja ára fresti



Kynna markvisst fyrir foreldrum stoðþjónustu skóla og sveitarfélags	Kynning á stoðþjónustu verði hluti af haustkynningum	Haustkynningar 2022	Í stöðugri vinnslu	Sérkennslustjóri	Skólapúlsinn foreldrakönnun vor 2023, síðan annað hvert ár
Skoða leiðir til að foreldrar og annað starfsfólk komi að endurskoðun skólareglna/væntinga	Skólavæntingar endurskoðaðar við endurskoðun skólanámskrár  Væntingar heimasvæða endurskoðaðar af starfsfólki og nemendur hvers svæðis	Haust 2022  Hvert haust	Vor 2023  Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri	Skólanámskrá endurskoðuð skólaárið 2022-2023, aðkoma foreldra og annars tryggð  Væntingar heimasvæða eru endurskoðaðar hvert haust í samráði við nemendur og starfsfólk á viðkomandi heimasvæði
<b>1.4 Umbætur og innleiðing breytinga</b>					
Skrá framgang og fundargerðir þróunarverkefna	Innleiða fundarform skólans sem nýtt er á öðrum fundum	Vor 2022	Í stöðugri vinnslu	Aðstoðarskólastjórar	Ársskýrsla ár hvert
*Birta skýrslur um þróunarverkefni á heimasíðu og í ársskýrslum sem sér kafla	Birting á heimasíðu og í ársskýrslum	Vor 2022	Í stöðugri vinnslu	Aðstoðarskólastjórar	Ársskýrsla ár hvert
Skrásetja með hvaða hætti upplýsingum um árangur og líðan nemenda er nýtt til að efla árangur þeirra	Verklag skráð og bætt inn í áætlanir, unnið og kynnt í nemenda- og foreldraviðtölum í upphafi skólaárs og í námsviðtölum yfir skólaárið. Kynning á árangri og líðan nemenda kynnt og unnið með skólaráði sem vinnur að úrbótum í framhaldi	Í upphafi skólaárs og í viðtölum yfir skólaárið.	Í stöðugri vinnslu	Stjórnendur	Eftir hverja haust og vor önn
Skrá verklag um með hvaða hætti upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra og nemenda	Verklag skráð og bætt inn í skólanámskrá við endurskoðun skólaárið 2022-2023	Janúar 2023	Júní 2023	Skólastjóri	Ársskýrsla ár hvert og endurskoðun skólanámskrár annað hvert ár, innra matskýrslu
<b>1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir</b>					
Tryggja að verktakar sem koma að skólastarfinu skrifi undir trúnaðarskjal	Vinna verkferil í samráði við bæjarskrifstofu	Fyrir lok skólaárs 2022	Í stöðugri vinnslu	Skrifstofustjóri	Ársskýrsla ár hvert



1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting						
Vinna enn frekar að því að gera upplýsingastreymi til starfsfólks skilvirkara	Uppsetning rafrænna upplýsingatafla er hafin á skrifstofugangi og í miðrými skólans. Þar verða birtar upplýsingar er viðkoma daglegu skólastarfi, fréttir og myndir, upplýst um viðburði sem eru fram undan og annað sem starfsfólk þarf að vita	Fyrir lok skólaárs 2022				
	Kenna starfsfólki á TEAMS á vinnustofu á starfsmannafundi	Mars 2022	Í stöðugri vinnslu	Skrifstofustjóri í samstarfi við skólastjóra	Skólapúlsinn starfsmannakönnun vor 2022 og annað hvert ár eftir það	
Tryggja að nýir kennarar fái markvissan stuðning og tengilið innan starfsmannahópsins	Ljúka vinnu við væntingabók grunnskólastigs, grunnskólakennara sem og annars starfsfólks og þar með verkferil um nýja starfsmenn	Vor 2022	Haut 2022	Aðstoðarskólastjórar	Skólapúlsinn starfsmannakönnun og starfsmannasamtöl ár hvert	
*Kynna væntingabók grunnskólastigs	Setja kynningu væntingabókar á dagskrá við upphaf ráðningar á grunnskólastigi og hvert haust	Hvert haust og við ráðningu	Í stöðugri vinnslu	Aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs	Skólapúlsinn starfsmannakönnun og starfsmannasamtöl ár hvert	
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna						
Skrá ábyrgðaraðila verkefna í skólanámskrá og/eða starfsáætlun	Verður endurskoðað við gerð starfsáætlunar skólaársins 2022-2023 og við næstu endurskoðun skólanámskrár sama skólaár	Vor 2022	Vor 2023	Aðstoðarskólastjórar	Ársskýrslur og skýrslur um innra mat	
<b>Umbótaþáttur – tækifæri til umbóta skv. skýrslu <sup>1</sup></b>	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig	
<b>Þáttur 2 – Nám og kennsla <sup>2</sup></b>						
2.1 Inntak og kennsla						

*Flétta samfélags- og náttúrugreinar markvisst inn í þemaverkefni	<p>Vinna áætlun um þemaverkefni fyrir hvert skólastig með tilliti til kennslu samfélags og náttúrufræðigreina.</p> <p>Þróunarverkefni um Urriðaholt og nágrenni í samfélags og náttúrufræðigreinum á báðum skólastigum (sótt um í Þróunarsjóði)</p> <p>Stofna vinnuhóp um þemu og þróunarverkefnið, fulltrúar af báðum skólastigum</p>	Mars 2022	Maí 2023	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Ársskýrslur og skýrslur um þróunarverkefni fáist styrkur til verkefnisins
Birta heildaráætlun um þemu sem unnið er yfir skólaárið	Birta í starfsáætlun sem og á heimasíðu	Haust 2022	Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs	Ársskýrsla ár hvert
Tilgreina í kennsluáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar og lykilhæfni	Vinna inn í kennsluáætlanir skólaársins 2022-2023	Haust 2022	Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri	Ársskýrsla ár hvert
*Skólinn hefur mótað sýn um skóla án aðgreiningar og stuðningur við nemendur fer að mestu fram í námsaðstæðum nemenda	Innleiða fimipjálfun í færnimiðuðum hópum enn frekar í stærðfræði og innleiða fimipjálfun í ritun	Haust 2022	Vor 2025	Skólastjóri, sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs	Ársskýrslur og framvinduskýrslur þróunarverkefna, sjá lið 1.4
*Fylgst er með árangri og framförum nemenda og árangur skráður í daglegum fimiafingum í lestri og stærðfræði	Innleiðing á notkun hröðunarkorta til markmiðasetningar nemenda og ákvarðanatöku um kennslu	Haust	Vor 2025	Skólastjóri, sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs	Ársskýrslur og framvinduskýrslur þróunarverkefna, sjá lið 1.4
<b>2.2 Árangur náms</b>					

Í skólanámskrá komi fram hvað felst í leiðsagnarmati og hver eru viðmið um árangur	Bæta við kafla í skólanámskrá um leiðsagnarmat og þau viðmið sem skólinn setum um árangur og vaxandi hugarfar og orðræða þess	Haust 2022	Vor 2023	Skólastjóri	Við endurskoðun Skólanámskrár annað hvort ár
Í kennsluáætlunum komi fram hvað felst í leiðsagnarmati og hver eru viðmið um árangur	Vinna verklag um kennsluáætlanir sem byggja á eftirfarandi sem og rýna kennsluáætlanir með það í huga að fram komi: Skýr markmið (Hvaða hæfni er stefnt að?), hvernig kennsla byggir á fyrra námi (Er verkefnið byggt á þeirra færni sem er til staðar?) og á hvaða hátt námið sé merkingarbært fyrir nemendur Hvað eru nemendur að læra? Af hverju? (Tilgangur fyrir nemandann)	Vinnsla kennsluáætlana haust 2022	Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri	Ársskýrslur
Vinna markvisst að því að uppræta einelti í skólanum	Áframhaldandi vinna með Blæ á leik- og grunnskólastigi, áframhaldandi vinna með KVAN og ART.  Innleiðing á PEERS  Stofnun samskiptateymis sem hluta af innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna	Í stöðugri vinnslu  PEERS haust 2022  Haust 2022	Í stöðugri vinnslu  Í stöðugri vinnslu  Á meðan á innleiðingu stendur	Skólastjórnendur	Ársskýrslur, niðurstöður Skólapúls, tengslakannanir og viðtöl við nemendur og forráðamenn
<b>2.3 Gæði kennslu</b>					
Leggja aukna áherslu á leiðbeinandi kennsluhætti	Fræða og styrkja kennara í leiðsagnarnámi, vinna með leshring þar sem marvisst er unnið að verkefnum leiðsagnar náms  Áhorf og stuðningur í kennslu	Í stöðugri vinnu	Vinnustofa í ágúst 2022 og svo í samráði. Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri	Starfsmannasamtölum

Auka markvissa samvinnu nemenda	Innleiða TAPS (Think Aloud Problem Solving) sem kennir þrautalausn, rökhugsun, samvinnu nemenda og námstækni við að skilja lesin texta  Tilgreina í kennsluáætlun hvort nemenda leysa verkefni í einstaklingsvinnu, sem þar eða hópur	Innleiðing hafin  Hausti 2022	Í stöðugri vinnslu  Í stöðugri vinnslu	Sérkennslustjóri og aðstoðarskólastjóri	Kennslustundaáhorf, innra mat og árssýrslur
<b>2.4 Skipulag náms</b>					
Leita leiða til að komast hjá að námstími nemenda fari í ferðir frá skóla í íþróttir og sund	Færa íþróttakennslu að hluta í Miðgarð Kenna hluta íþróttanna í Urriðaholti í útikennslu, yoga, dansi, golfi og YAP (hreyfifærni)  Bæta nemendum upp tíma í stundatöflu vegna aksturs á milli svæða  Ljúka þriðja byggingaráfanga og þar með aðstöðu til íþrótt- og sundkennslu í skólanum	Hausti 2022  Hausti 2022  Ekki vitað	Ekki vitað  Ekki vitað  Ekki vitað	Skólastjóri í samvinnu við fræðsluskrifstofu  Skólastjóri  Bæjaryfirvöld	Í stöðugri endurskoðun miðað við nemendafjölda hverju sinni og aðstöðu í íþróttamannvirkjum í Grb  Með viðmið viðmiðunarstundatöflu að leiðarljósi  Í stöðugri endurskoðun af bygginganefnd skólans í samvinnu við bæjaryfirvöld
Auka vægi list- og verkgreina í námi nemenda	Ljúka næsta byggingaráfanga og þar með aðstöðu til kennslu list- og verkgreina  Fjölga list- og verkgreinakennurum með hækkandi nemendafjölda	Vor 2022  Í stöðugri vinnslu	Sumar 2023  Í stöðugri vinnslu	Bæjaryfirvöld  Skólastjóri	Í stöðugri endurskoðun af bygginganefnd skólans í samvinnu við bæjaryfirvöld  Í stöðugri endurskoðun miðað við nemendafjölda hverju sinni og aðstöðu til list- og verkgreinakennslu í skólanum



Bæta aðstöðu til náms og kennslu í list- og verkgreinum	Ljúka næsta byggingaráfanga og þar með aðstöðu til kennslu list- og verkgreina	Vor 2022	Sumar 2023	Bæjaryfirvöld	Í stöðugri endurskoðun af bygginganefnd skólans
<b>2.5 Námsvitund</b>					
Auka val nemenda um viðfangsefni og námsstíl	Setja inn í einstaklingaáætlanir nemenda val um viðfangsefni og námsstíl verkefna. Hluti af lýðræðisverkefnum á báðum skólastigum	Haust 2022	Í stöðugri vinnslu	Aðstoðarskólastjórar	Ársskýrslur, niðurstöður Skólapúls, viðtöl við nemendur og forráðamenn
Þjálfar nemendur í að setja sér markmið og meta eigið nám	Innleiðing á notkun hröðunarkorta til markmiðasetningar nemenda og ákvarðanatöku um kennslu Einnig hluti af leiðsagnarnámi staðan nú, markmiðasetning og endurmat eins og kennsluáætlanir skulu segja til um	Haust 2022	Vor 2025	Aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri	Ársskýrslur, niðurstöður Skólapúls, viðtöl við nemendur og forráðamenn og framvinduskýrslur þróunarverkefna
<b>2.6 Ábyrgð og þátttaka</b>					
Skrá upplýsingar um nemendaráð og menningarráð á heimasíðu skólans	Skrá upplýsingar um nemendaráð og menningarráð á heimasíðu skólans	Vor 2022	Vor 2022	Skólastjóri/ skrifstofustjóri	Á hverju hausti samhliða endurskipun í ráð
Auka þátttöku nemenda í málefnum sem varða þá	Virkja nemendaráð skólans  Nemendur skulu eiga fulltrúa í skólaráði  Innleiða Barnasáttmálann sem hluta af kennslu um lýðræði og jafnrétti og réttindi barna?	Vor 2022  Vor 2023	Í stöðugri vinnslu	Skólastjóri	Innra mat, ársskýrslur, niðurstöður Skólapúls, viðtöl við nemendur og forráðamenn
<b>Umbótaþáttur – tækifæri til umbóta skv. skýrslu <sup>1</sup></b>	<b>Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta</b>	<b>Hvenær hefst</b>	<b>Hvenær lokið</b>	<b>Ábyrgðaraðili/ar</b>	<b>Endurmat, hvenær/hvernig</b>
<b>Þáttur 3 – Innra mat <sup>2</sup></b>					



3.1 Skipulag					
Móta og vinna sérstaka sjálfsmatsskýrslu þar sem fram koma allar áætlanir um innra mat ásamt umfjöllun um niðurstöður og umbætur	Vinna marvissa beinagrind þar sem allir námsþættir eru undir á báðum skólastigum	Vor 2022	Í stöðugri vinnslu	Aðstoðarskólastjórar	Ársskýrsla ár hvert og endurskoðun skólanámskrár annað hvert ár, innra matskýrslu
3.2 Framkvæmd					
Tryggja að allir hagsmunaaðilar komi að matsteymi um innra mat og umbætur	Frá og með næsta skólaári verður skipað sér matsteymi um innra mat og umbætur með fulltrúa úr grenndarsamfélaginu Í matsteymi eru stjórnendur, fulltrúar kennara af báðum skólastigum, fulltrúar annarra starfsmanna af báðum skólastigum og fulltrúi frístundar. Skólaráð er matsteymi til stuðning og samráðs, Matsteymi situr tvo skólaár í senn.	Haust 2022	Vor 2024	Stjórnendur og matsteymi	Vor 2024
3.3 Umbætur					
Vinna greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári	Matsteymi vinnur greinargerð og gerir langtímaáætlun um innra mat skólans út frá umbótaáætlun.	Vor 2024	Í stöðugri þróun	Stjórnendur og matsteymi	Skýrsla að vori

Garðabær 25. apríl 2022

*Þorgerður Anna Arnardóttir*  
skólastjóri Urriðaholtsskóla